

11. gr.

Eldri fullvinnsluskipum sbr. 10. gr. er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 54/1992 veittur frestur til 1. september 1996 til að fullnægja öllum ákvæðum 2.–4. gr. reglugerðar þessarar. Ákvæðum 2., 3., 4. og 6. tölulíðar 3. gr. skal þó fullnægt fyrir 1. september 1993. Auk aðalafurða er þessum skipum skylt að hirða allan meðafla, hrogn og allan afskurð sem fellur til við snyrtingu þorsks, ýsu og ufsa. Þessi skip skulu hefja nýtingu annarra aukaafurða af þorski og ýsu fyrir fiskveiðiárið sem hefst þann 1. september 1993 og hafa náð a.m.k. 60% meðalnýtingarhlutfalli, miðað við slægðan afla þessara tegunda, á fiskveiðiarinu sem hefst þann 1. september 1994.

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sviptingu vinnsluleyfis um tiltekinn tíma að mati ráðuneytisins.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 54, 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. ágúst 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

**um (3.) breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990
með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirtalдар breytingar verða á 82. gr. reglugerðarinnar:

a. Grein 82.1 hljóði svo:

Öll framleiðsla og meðferð matvæla og annarra neysluvara, sem ætlaðar eru til sölu eða dreifingar, þar með talin upphitun á matvælum, skal háð leyfi heilbrigðisnefndar sem getur gert ákveðnar kröfur um hreinlæti og aðra aðstöðu, til þess að tryggja að matvæli verði ekki fyrir mengun eða skemmist á annan hátt.

Kjötskodunarlæknir fer með eftirlit með kjötvinnslu sem fram fer í húsakynnum sláturhúsa.

Við tilbúning og dreifingu á matvælum, neyslu- og nauðsynjavörum, skal gæta þess hreinlætis og þeirrar varkárni, að varan óhreinkist ekki til skemmda eða spillist á annan hátt.

b. Grein 82.13.1 hljóði svo:

Óheimilt er að selja, dreifa eða bjóða til sölu kjöt og kjötvöru, nema að kjötið hafi verið heilbrigðiskodað og stimplað með löggiltum hætti. Óstimpluðu kjöti eða kjötvöru sem er á boðstólum eða í dreifingu ber að farga.

c. Grein 82.14 hljóði svo:

Í kaupstöðum og kauptúnum er óheimilt að slátra búfé utan löggiltra sláturhúsa.

d. Grein 82.15 fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. ágúst 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurnesjum.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og 1. mgr. 9. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, með síðari breytingum skulu eftirlitsskyld fyrirtæki greiða gjöld, sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 4 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 2. gr. laga nr. 81/1988, með síðari breytingum skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér segir:

1. flokkur kr. 10.000,00

3. flokkur kr. 30.000,00

2. flokkur kr. 20.000,00

4. flokkur kr. 40.000,00

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur fyrir hönd svæðisnefndar lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal með gjaldskránni. Listi þessi skal afhentur hlutaðeigandi sveitarfélögum. Sveitarstjórnir sem kjósa að leggja á eftirlitsgjöld innheimta þau á eigin ábyrgð og kostnað. Sveitarstjórnnum er heimilt að fela Gjaldheimtu Suðurnesja innheimtu gjaldanna. Skulu gjöld þessi ganga til greiðslu á kostnaði vegna heilbrigðiseftirlits.

4. gr.

Gjald dagi eftirlitsgjalda er 1. september og eindagi 1. október. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

5. gr.

Gjöld skv. 3. gr. má innheimta með fjárnámi.